**Bretyingatillaga að þingskjali nr 7**

*Sameiginleg tillaga Hauka og ÍR*

Haukar og ÍR styðja tillögu að breyttri úrslitakeppni í efstu deild karla.

Tillagan hefur einn galla, og hann er fyrir þau lið sem fara ekki í úrslitakeppni.

Lið 9, 10 og 12 ljúka því keppni, eftir aðeins 22 leiki.
HK, Þór lauku keppni 12 mars, sem og ÍR sem féll.

Aðeins lið 11 heldur áfram keppni í umspili, við sigurvegara úr úrslitakeppni Grill 66.
Stjarnan sem vann úrslitakeppni/umspil og lauk keppni 15 april.

Haukar og ÍR telja að hér sé verið að gleyma þeim liðum sem ekki fara í úrslitakeppni sem og hægt væri að samræma breytingar betur.

**Haukar og ÍR leggja því til eftirfarandi breytingatillögu.**

Umspil/úrslitakeppni í Grill 66 deild verði einnig breytt, samhliða tillögu um breytta úrslitakeppni.

Lið 9, 10 og 11 fara í samskonar riðil og gert er ráð fyrir í tillögu ásamt liðum 2 og 3 úr Grill 66 deild karla. Í ár hefðu þetta verið HK, Þór, Stjarnan, Grótta og Hörður

Lagt er til að sama fyrrkomulag verði og í úrslitakeppni í Olís, en ljóst að liðin sem færu í „neðri-úrslitakeppni“ fá 2 leikjum meira.

Sama stigagjöf yrði í þessum riðli / „neðri úrslitakeppni“
Lið í 9 sæti fengi 2 stig.
Lið 10 og11 fá 1stig
Lið 2 og 3 úr Grill 66 fá 0 stig.

Efstu 3 lið riðils í „neðri úrslitakeppni“ fá sæti í Olísdeild árið eftir.
Sömu reglur gilda varðandi ef lið eru jöfn að stigum og í tillögunni.

**Greinagerð:**

Markmið er að fjölga leikjum og samræma úrslitakeppni fyrir fleirri lið.

Það má ekki gleyma þeim liðum sem komast ekki í úrslitakeppni. Þau þurfa líka auka leiki til að bæta sig og umgjörð. Hvernig eiga þau annars að gera það, ef þau fá ekki tækifæri til að taka þátt eins og topp 8 liðin.

Í núverandi mynd þá spila lið11 úr Olís á móti liði 4 í Grill 66. 2 Sigurleiki þarf.
Lið  2 og 3 á móti hverju í Grill 66 úrslitakeppni. 2 Sigurleiki þarf.
Sigurvegarar mætast í úrslitaeinvígi þar sem 3 sigurleiki þarf. „Svokallað Sjéffaumspil“
Stjarnan sem lenti í 11 sæti í Olís  fékk 6 aukaleiki.
Grótta sem lenti í 2 sæti í Grill 66 fékk 2 leiki.
Hörður fékk 5 leiki. (Lentu í 5 sæti)
Fjölnir fékk 3 leiki. ( Lentu í 6 sæti)

Úrslitakeppni í Grill 66 hefur síðstliðin ár verið spennandi ásamt umspili en með breyttu fyrirkomulagi teljum við að enn meiri spenna geti myndast.  Öll lið fengju fleirri leiki og mikið væri undir allt tímabilið. Liðin fengju líka aðra andstæðinga en úr sömu deild.

Samræmi milli Olís og Grill 66 í úrslitakeppni.

Oft hefur verið talað um að handboltinn sé of flókinn og hinn almenni áhorfandi skilji ekki hvernig þetta virkar.  Hér er tækifæri á að koma í veg fyrir það.

Áfram er hugsað þannig að 12 sæti í Olís Karla falli. Lið 1 úr Grill 66 komst upp.